

## Brýn umræða um bann við mismunun

Bókarhöfundar: **Evelyn Ellis og Kristín Benediktsdóttir (ritstj)**

Bókarheiti: **Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland.**

Gagnrýnandi: **Þorgerður H. Þorvaldsdóttir**, doktor í kynjafræðum.

Útgáfa: **Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2012, 424 bls.**

### Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Heilt yfir er ástæða til þess að fagna útkomu bókarinnar. Hún er þarft framlag til brýnnar samfélagsumræðu um álitamál og eyður sem tengjast banni við mismunun, í íslenskri löggjöf og í Evrópurétti.“

Bókin, *Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland*, er af-rakstur umfangsmikils rannsóknarverkefnis sem Lagadeild Háskóla Íslands var í forsvari fyrir þar sem 11 innlendir og erlendir fræðimenn á sviði lögfræði, leiddu saman hesta sína og rýndu í regluverk Evrópusambandsins um vernd gegn mismunun og skoðuðu að hvaða marki íslensk löggjöf veitir sambærilega réttarvernd og tryggð hefur verið í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Sérstaklega var horft á lagalega stöðu þeirra hópa sem njóta verndar undir tveimur Evróputilskipunum, þ.e. tilskipun 2000/43/EB, um jafna meðferð einstaklinga án tilliti til kynþáttar eða etnis og tilskipunar 2000/78/EB um jafna meðferð á sviði vinnumarkaðar, en þar er horft til trúarbragða eða lífsskoðunar, fötlunar aldurs og kynhneigðar. Rannsóknin var styrkt af PROGRESS áætlun Evrópusambandsins, en íslenskir samstarfsaðilar voru Mannréttindaskrifstofa Íslands, Jafnréttisstofa, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytið. Fyrstu niðurstöður voru kynntar á tveggja daga ráðstefnu sem lagadeild Háskóla Íslands stóð fyrir í október 2010, en hér birtast þær sem fullunnar greinar.

Bókin skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er sjónum beint að regluverki ESB, þar sem horft er á stöðu, virkni og áskoranir tengdar lögum sem banna mismunun innan Evrópusambandsins. Í síðari hlutanum er sjónum síðan beint að Íslandi og réttarfarslegri stöðu þeirra hópa sem njóta verndar undir Evróputilskipununum tveimur sem að framan eru nefndar. Bókin hefst með greinargóðum yfirlitskafla Evelyn Ellis, þar sem hún útlistar ríkjandi Evrópulöggjöf um bann við mismunun, útskýrir hugtakanotkun og fer yfir stöðu einstakra mismunarflokka á aðgengilegan hátt. Næst fjallar Christa Tobler um framfylgd laga um bann við mismunun en þar rekur hún réttarþróunina í Evrópu með vísun í einstaka dóma. Það er svo ástæða til þess að mæla sérstaklega með ítarlegum og greinargóðum kafla M. Elvira Méndez-Pinedo, sérfræðings í Evrópurétti og prófessors við Lagadeild HÍ, um „aðgengi að réttlæti“ (e.

*access to justice*) í tengslum við Evrópulög um bann við mismunun. Þar stígur hún út fyrir hin „þrönga“ ramma lögfræðinnar og ræðir á gagnrýnin hátt um kenningar og aðferðir sem tengjast brýnu álitamáli í samtímanum, það er, hvernig tryggja megi aðgengi almennings að réttlæti. Hún bendir á að sú nálgun að tryggja réttindi einstaklinga með réttarfarslegum úrræðum eins og málsókn fyrir dómstólum dugi ekki ein og sér og áréttar að sérstaklega þurfi að huga að stöðu jafnarsettra hópa sem búa við kerfislæga mismunum og tryggja aðgengi þeirra að réttlæti. Í fjórða kafla fjallar Victoria Chage svo um „margþætta mismunun“ (e. *multi-dimensional discrimination*), þar sem fleiri en ein mismununarbreyta, t.d. kynþáttur og kyn, skarast og samtvinna, en það hvernig taka beri á slíkum málum er ein af stóru áskorunum sem löggjafinn stendur nú frammi fyrir. Síðustu þrjár kaflarnir í fyrri hluta bókarinnar taka svo á afmarkaðri þáttum, það er baráttunni gegn hatursorðræðu (e. *hate speech*), stöðu aldurs eða elli sem mismununarbreytu, og loks er kafli um trúarbrögð og mismunun innan ESB.

Síðari hlutinn, sem skiptist í fjóra kafla, er ítarleg úttek á stöðu þeirra málaflokka sem falla undir Evróputilskipanirnar tvær, í íslensku lagaumhverfi. Eins og kunnugt er bar okkur ekki skylda til þess innleiða tilskipanirnar, þar sem Ísland stendur utan ESB og hafa þær því ekki enn verið innleiddar hér á landi. Frumvarp til laga um bann við mismunun hefur þó verið í smíðum innan velferðarráðuneytisins um nokkurt skeið. Það vekur athygli að ein af mismununarbreytunum sem tilskipanirnar ná yfir, er undanskilin í bókinni, en það er fötlun. Á áður nefndri ráðstefnu sem rannsóknarhópurinn stóð fyrir í október 2010 fjallaði Brynhildur G. Flóvenz um mismunun á grundvelli fötlunar og er mikill skaði að sú umfjöllun skuli ekki hafa skilað sér í bókina.

Íslenski hlutinn hefst með því að Margrét Guðlaugsdóttir útlistar íslenska réttarvernd sem tekur á mismunun vegna kynþáttar en þar kemur fram að í samburði við evrópsku kynþáttarjafnréttistilskipunina er íslenska löggjöfin bæði götött og brotakennnd. Næst fjallar Kristín Benediktsdóttir um íslenska löggjöf sem tekur á mismunum vegna aldurs í samburði við þá vernd sem rammatilskipun um jafnrétti á vinnumarkaði veitir. Umfjöllunin er því bundin við vinnumarkaðinn og litast nokkuð af íslenska efnahagshruninu og áhrifum þess á málaflokkinn. Þá fjallar Dóra Guðmundsdóttir um mismunun vegna kynhneigðar. Þar kemur fram að þótt Íslendingar búi nú við framsækna löggjöf sem nær yfir einka- og fjölskyldulíf LGBT fólks (lesbíur, hommar, tvíkynhneigt og transgender fólk), þá njóta þau engra sérstakrar réttarverndar á vinnumarkaði, sem rammatilskipun um jafnrétti á vinnumarkaði tryggir innan ESB. Það fer svo vel á því að Oddný Mjöll Arnardóttir, sem er helsti sérfræðingur landsins á sviði alþjóðlegrar og innlendrar mannréttindaverndar, á síðasta kafla bókarinnar. Í fyrri hluta hans fjallar hún um ýmis álitamál sem tengjast mismun vegna trúar- og lífsskoðana í Evrópurétti og íslenskum lögum. Síðari hluti greinarinnar eru hinsvegar í grunduð umræða um æskilegar umbætur til þess að íslensk löggjöf veiti sambærilega réttarvernd og þegnar ESB njóta nú, og eru allir málaflokkarnir undir. Þar leggur hún til tvo kosti. Fyrri kosturinn er að við fylgjum fordæmi Svía og smíðum eina heildstæða löggjöf sem nær yfir allar þær mismunarbreytur sem tilskipanir

ESB ná yfir, (og þar er kyn meðtalið). Allar njóti þær sambærilegrar réttarverndar og að ein Jafnréttis/Mannréttindastofnun fari með málaflokkinn. Seinni, og að mati Oddnýjar, lakari kosturinn, er sá að fara norsku leiðina, og hafa aðskilin lög fyrir jafnrétti kvenna og karla, og svo sérlög sem banna mismunun þeirra hópa sem falla undir Evróputilskipanirnar tvær. Aftur myndi allt hinsvegar falla undir eina öfluga Jafnréttis/Mannréttindastofnun. Ef seinni leiðin verður valin ítrekar hún mikilvægi þess að núgildandi jafnréttislög, nr. 10/2008 verði uppfærð samhliða setningu nýrra laga um bann við mismunun til þess að gæta innra samræmis og til þess að tekið verði á margþættri mismunun. Auk þess er bent á ýmsar lagatæknilegar úrbætur sem mikilvægt er að rati inn í ný lög og/eða uppfærslu gildandi jafnréttislaga, þótt ekki sé færi á að rekja þær hér.

Heilt yfir er ástæða til þess að fagna útkomu bókarinnar. Hún er þarft framlag til brýnnar samfélagsumræðu um álitamál og eyður sem tengjast banni við mismunun, í íslenskri löggjöf og í Evrópurétti.

